



Kennarafélag Suðurlands

## Dagskrá Haustþings KS

### Flúðum 2023

28. - 29. september

#### Fimmtudagur 28. september

14:00 Kaffispjall

14:15 Setning haustþings

14:20 Opnunarfyrirlestur - Hulda Þórisdóttir; Sálfræði samsæriskenninga

15:20 Aðalfundur Kennarafélags Suðurlands

19:00 Kvöldverður og kvöldskemmtun

#### Föstudagur 29. september

09:00 - 10:00 Menntaspjall

10:30 - 12:00 Fyrirlestrar og málstofur

12:00 - 13:00 Hádegismatur frá Sóma í Félagsheimili Hrunamanna

13:00 - 14:30 Fyrirlestrar og málstofur



Kennarafélag Suðurlands





**KS**

Kennarafélag Suðurlands



**Dagskrá - 29. september**

**9:00 - 10:00 Menntaspjall**

**10:30-12:00**

**Að hugsa með höndum; eru list-  
og verkgreinar nauðsynlegar?**

**Bæjarhellan og Barnabær**

**Stapamix**

**Heilbrigð samskipti – lykill að  
góðri vinnustaðamenningu**

**Tálgun**

**Etwinning - Evrópusamstarf**

**Heilrækt**

**Erindi frá MMS- Ritun**

**Erindi frá MMS - Kynfræðsla**

**Leiklist í Grundaskóla**

**13:00-14:30**

**Gervigreind**

**Gleðiskruddur**

**Jákvæður agi**

**Ormstungur og hlaðvörp í  
kennslu**

**Nýsköpunarskóli í þágu  
menntunar**

**Breakout**

**Tálgun**

**Leiðsagnarmat**

**Ofbeldi gegn kennurum**

**Skólaforðun**



*Kennarafélag Suðurlands*



Kennarafélag Suðurlands

Dagskrá - 29. september

9:00 - 10:00

## Menntaspjall

Deilum með öðrum góðum hugmyndum, segjum frá spennandi þróunarverkefnum, nýjungum eða bara því sem er að virka vel hjá okkur.

Hér lítum við nær og skoðum hvað nágrannar okkar á Suðurlandi eru að gera. Ert þú með eitthvað sem þú vilt segja frá sem þér finnst áhugavert?

Viltu kannski ræða málin við aðra kennara á miðstigi, eða náttúrufræðikennara á unglíngastigi? Við finnum hvert annað á Menntaspjallinu.

Láttu þá heyra í þér!



*Kennarafélag Suðurlands*





# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

**10:30-12:00**

**Að hugsa með höndum; eru list- og verkgreinar nauðsynlegar?**

**Fyrirlesari: Ólöf Ágústína Stefánsdóttir**

Farið verður í hugleiðingar um mikilvægi list- og verkgreina með áherslu á textílkennslu. Fjallað verður um eigin tilraunakennslu fyrirlesara út frá kenningum sem hún hefur kynnst og vinnubrögðum sem hún hefur tileinkað sér út frá þeim.



*Kennarafélag Suðurlands*





# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

**10:30-12:00**

**Bæjarhellan og Barnabær**

**Fyrirlesarar: Eydís Hrönn Tómasdóttir og Charlotte Sigríð á Kósini**

**Upphafleg markmið Barnabæjar og Bæjarhellunnar voru að efla foreldrasamstarf, auka ánægju nemenda og kennara og efla fjölbreytileikann í skólastarfinu.**

**Verkefnið gengur út að það að setja upp lítið sjálfbært lýðræðissamfélag þar sem allir sem að verkefninu koma gegna mikilvægu hlutverki.**

**Hvernig hafa verkefnið þróast frá því þau voru fyrst sett upp?  
Hvar er best að byrja ef skólinn minn vill setja upp samskonar verkefni?**



*Kennarafélag Suðurlands*



# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

**10:30-12:00**

**eTwinning og Evrópusamstarfsverkefni**

**Fyrirlesari: Már Ingólfur Másson eTwinning sendiherra á Suðurlandi**

eTwinning er rafrænt samstarf kennara og nemenda í Evrópu. Á vef eTwinning fá kennarar frítt heimasvæði þar sem þeir geta starfað með öðrum kennurum í Evrópu, skipst á verkefnum og stofnað samstarfsverkefni með einu eða fleiri löndum.



*Kennarafélag Suðurlands*



# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

10:30 - 12:00

Stapamix

**Fyrirlesari: Brynja Sigurðardóttir og Heiða Björg Árnadóttir**

Tímanum verður skipt upp í tvo hluta. Annars vegar kynningu á Stapamix verkefninu og hins vegar vinnustofu í gerð samþættra verkefna, uppsetningu á námsmati og almennu utan umhaldi á þemaverkefnum. Unnið verður í hópum við að æfa hugsanaflæði með áherslu á hæfniviðmið. Þátttakendur fá innsýn inn að hefja samþættingu, skipulag og fá vinnuskjöl til að vinna út frá. Einnig verður reynslu deilt af því að koma upplýsingum heim og hvernig við vinnum að því að efla samskipti heimili og skóla og tengja foreldra/forráðamenn inn í nám barna sinna.



Kennarafélag Suðurlands



# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

**10:30 - 12:00**

**Heilbrigð samskipti – lykill að góðri vinnustaðamenningu**

**Fyrirlesari: Sigrún Birna Björnsdóttir sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum**

Fjallað verður um birtingarmyndir eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni út frá reglugerð 1009/2015. Rætt verður einnig um góð samskipti, orsök ágreinings, örಾರೆiti og vinnustaðamenningu.

Að lokum verður kynning á drögum að viðbragðsáætlunum sem finna má á vef KÍ.



*Kennarafélag Suðurlands*







# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

10:30-12:00

Leiklist í Grundaskóla

**Fyrirlesari: Berglind Þráinsdóttir og Einar Viðarsson**

Megin áhersla leiklistarstarfs í unglingadeild Grundaskóla er að nemendur fái tækifæri til að kynnst starfsháttum leikhússins og taki þátt í að vinna að heildstæðu verkefni sem endar með leiksýningum.

Eitt af meginatriðum leiklistar, samkvæmt Aðalnámskrá, er að allir leggist á eitt við uppsetningu leiksýningar sem ýtir undir jafnrétti og lýðræði í skólastarfi. Slíkar sýningar hafa jákvæð áhrif á samkennd nemenda og skólaandann og gefur gott tækifæri til samstarfs heimilis og skóla.

Í erindinu verður farið yfir hvernig leiklistarstarf er byggt upp í skólanum þ.e bæði í hefðbundnu leiklistarvali í unglingadeild sem og söngleikjaverkefnum skólans, sem oftast en ekki er hápunktur skólagöngunnar hjá nemendum.



*Kennarafélag Suðurlands*



# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

**10.30-12:00 og 13:00 - 14:30**

**Tálgun**

**Fyrirlesari: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson,  
grunnskólakennari og tálguleiðbeinandi**

Í smiðjunni fá þátttakendur að kynnst grunntækni í tálgun. Farið verður yfir örugg hnífsbrögð sem auka afköst og öryggi. Tálgað verður í ferskan nýhöggvinn við, efni sem gjarnan er horft á sem garðaúrgang en fær þarna nýtt líf.

Vinnustofan hentar þeim sem hafa litla eða enga reynslu af tálgun en hafa áhuga á því að bæta tálgun við smíði- eða útikennslu í sínum skóla.

**Hámarksfjöldi þátttakenda: 10 í hvorri vinnustofu.**



*Kennarafélag Suðurlands*



# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

10:30 - 12:00

Heilrækt

**Fyrirlesarar: Gunnar Ásgeir Halldórsson, Karl Ágúst Hannibalsson og Raket Magnúsdóttir**

Fyrir þremur árum breyttum við áherslum okkar í íþróttakennslu á elsta stigi með því að taka heildrænni nálgun á kennslu heilbrigðis. Farið verður yfir breyttar áherslur í kennslunni sem og hvernig námsmat hefur breyst.

Við hlökkum til að rýna til gagns og eiga skemmtilegt samtál með ykkur.

Kennarafélag Suðurlands





**KS**

Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

29. september

**10:30 - 12:00**

**Erindi frá menntamálastofnun**

**Ritunarkennsla:** Hvað þurfa nemendur að læra varðandi ritun og hvernig kennum við þessa þætti? Þessum spurningum verður svarað í erindinu og horft verður til praktískrar nálgunar sem mun nýtast kennurum við skipulagningu og kennslu ritunar.



*Kennarafélag Suðurlands*



**KS**

Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

29. september

**10:30 - 12:00**

**Erindi frá menntamálastofnun**

**Kynfræðsla:** Farið verður yfir það efni sem til er í kynfræðslu og forvörnum tengdum þingsályktun um aukið námsefni í kynfræðslu fyrir öll skólastig.



*Kennarafélag Suðurlands*



Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

13:00 - 14:30

Gervigreind og skólastarf

**Fyrirlesari: Ragnar Þór Pétursson**

Um þessar mundir stendur yfir gervigreindarbylting. Hún mun gerbreyta mörgu í samfélaginu og teygja anga sína inn í skólastofurnar. Ragnar mun gefa innsýn í heim gervigreindar og ræða þær breytingar, til hins betra eða verra, sem líklegar eru. Hann mun einnig ræða hvernig hagnýta má sér gervigreind í starfi sem kennari.

Ragnar Þór Pétursson er kennari við Norðlingaskóla í Reykjavík. Frá því hann hóf kennslu fyrir aldarfjórðungi hefur hann fylgst náið með því hvernig kennarastarfið hefur breyst og reglulega skrifað pistla, haldið erindi eða tekið þátt í þróunarstarfi sem miðar að því að finna vaxtarfæri í breytingum.



Kennarafélag Suðurlands



Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

**29. september**

**13:00 - 14:30**

**Gleðiskruddan og gleðiverkfæri**

**Fyrirlesarar: Marit Davíðsdóttir og Yrja Kristinsdóttir**

Gleðiskruddan hefur það markmið að kynna gleðiverkfæri svo að börn og ungmenni geti tekist á við áskoranir og mótlæti daglegs lífs á sem uppbyggilegastan hátt. Í þessum fyrirlestri verða kenndar aðferðir sem eiga það sameiginlegt að efla sjálfspekkingu og auka vellíðan.

Gleðiskruddan er dagbók fyrir börn og ungmenni sem byggir á jákvæðri sálfræði. Yrja og Marit hafa einnig haldið fjölda námskeiða, fyrirlestra og búið til sjónvarpsþættina Gleðiverkfæri Gleðiskruddunnar í samstarfi við RÚV.



*Kennarafélag Suðurlands*



# KS

Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

13:00 - 14:30

Jákvæður agi

**Fyrirlesari: Ágúst Frímánn Jakobsson**

Uppeldisstefnan Jákvæður agi hefur verið að ryðja sér til rúms í íslenskum skólum á undanförunum árum og nú eru um 50 leik- og grunnskólar hér á landi að nýta sér aðferðir stefnunnar. Í fyrirlestrinum verður stefnan kynnt í stuttu máli, farið yfir grunnhugmyndirnar sem liggja að baki og hvað þarf að hafa í huga við innleiðingu Jákvæðs aga í skólastarfi.



*Kennarafélag Suðurlands*







Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

13:00 - 14:30

29. september

#### Ormstungur og hlaðvörp í kennslu

**Fyrirlesarar: Hjalti Halldórsson og Oddur Ingi Guðmundsson**

Hlaðvarpið Ormstungur er umræðuþáttur þar sem grunnskólakennararnir Hjalti Halldórsson og Oddur Ingi Guðmundsson fara í gegnum Íslendingasögurnar á léttu nótunum. Hlaðvarpið er ætlað að styðja við lestur og upplifun á Íslendingasögunum. Í málstofunni verður farið í gegnum grunnatriði hlaðvarpsgerðar í skólastarfi og kosti þess bæði fyrir nemendur og kennara. Þeir sem sækja námskeiðið fá rafræna vinnubók fyrir nemendur um möguleika hlaðvarpsins og prófa að búa til stutta upptöku.

Hjalti Halldórsson er grunnskólakennari við unglíngadeild Langholtsskóla og rithöfundur með mikið miðaldablæti. Það hefur ekki verið næg útrás fyrir miðaldablætið að skrifa, því hann hefur birst á sjónvarpsskjáum landsmanna sem víkingur í þáttunum Víkingaprautin í Stundinni okkar. Hann þarf að leita sér aðstoðar.

Oddur Ingi er einnig grunnskólakennari við unglíngadeild Langholtsskóla. Hann hefur lengi haft áhuga á Íslendingasögunum en sá áhugi kviknaði af alvöru þegar hann fór að kenna þær með Hjalta. Miðaldablæti Hjalta er sem sagt bráðsmitandi!



Kennarafélag Suðurlands



Kennarafélag Suðurlands

## Haustþing KS

### Fyrirlestrar

29. september

13:00 - 14:30

Hvað gerir Víkurskóla að nýsköpunarskóla?

Fyrirlesari: Ásrún Ágústsdóttir, Katarzyna Paluch og Þuríður Óttarsdóttir

Erindi um hvernig Víkurskóli hefur þróa skólastarf með hönnunar- og nýsköpunarhugsun að leiðarljósi þar sem áherslan er á skapandi skil, leiðsagnarnám, samþættingu og öflugar list og verkgreinar. Í Víkurskóla er lögð áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir til að gera námið líflegt og árangursríkt, meðal annars með því að samþætta viðfangsefni eins og listir, náttúrufræði og upplýsingamennt. Sagt verður frá nokkrum nýsköpunarverkefnum.



Kennarafélag Suðurlands



Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

29. september

**13:00 - 14:30**

**Breakout Edu**

**Fyrirlesari: Leifur Viðarsson**

Breakout Edu er skemmtilegur leikur þar sem nemendum gefst tækifæri á að leysa ýmsar þrautir til þess að opna lása. Leikurinn svipar til Escape Room leikja sem finna má um víða veröld, til að mynda í Reykjavík. Í þessari málstofu gefst þátttakendum tækifæri til að taka þá í einum leik og að prófa að útbúa leik saman.

Leifur Viðarsson hefur áralanga reynslu af kennslu og hefur tekið þátt í mörgum þróunarverkefnum er varða fjölbreytta og skapandi kennsluhætti. Breakout Edu er hluti af því og Leifur býið til fjölda leikja/verkefna bæði fyrir nemendur og kennara.

**Hámarksfjöldi þátttakenda: 25**



*Kennarafélag Suðurlands*



**KS**

Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

29. september

**13:00 - 14:30**

**Leiðsagnarmat**

**Fyrirlesarar: Arnar Elísson og Hildur Jónsdóttir**

Hildur Jónsdóttir og Arnar Elísson, kennarar frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ fjalla um hvað leiðsagnarnám er, gagnlegar aðferðir og sína eigin reynslu af því að innleiða leiðsagnarnám í kennslu.



*Kennarafélag Suðurlands*



**KS**

Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

29. september

**13:00 - 14:30**

**Ofbeldi gegn kennurum**

**Fyrirlesari Sigrún Birna Björnsdóttir sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum**

Fjallað verður um niðurstöður rannsókna og kannana á ofbeldisatvikum, eðli þeirra og birtingarmyndir. Ennfremur verður farið yfir kröfur laga og reglugerða, fjallað um stafrænt ofbeldi og viðbrögð við því og hvað fræðin segja um viðbrögð við ofbeldi gegn kennurum.



*Kennarafélag Suðurlands*





Kennarafélag Suðurlands

**Haustþing KS**

**Fyrirlestrar**

29. september

**13:00 - 14:30**

**Skólaforðun**

**Fyrirlesari: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir**

Í nokkur undanfarin ár hefur verið fylgst með skólaforðun og hún rannsökuð lítillega hér á landi. Skólaforðun byrjar gjarnan í leikskóla og þróast svo yfir tíma í alvarlegan vanda og þá getur mikil vinna farið í að mæta þörfum barns og koma því aftur í skóla og almenna virkni í lífi og starfi. Birtingarmynd skólaforðunar er flókin og í erindinu verður hún rædd. Veitt verður fræðsla um skólaforðun svo að starfsfólk skóla þekki einkennin og geti brugðist við snemma með markvissum hætti. Í erindinu verður farið yfir algengi skólaforðunar og orsakir, viðeigandi viðbrögð og leiðir innan skólans til að takast á við forðunina. Lögð verður áhersla á tímanlegan stuðning og foreldrasamstarf.



*Kennarafélag Suðurlands*